

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/4/78

frá 9. febrúar 2010

um nýjan frest til að leggja fram málskjöl fyrir tiltekin efni sem rannsökuð verða í 10 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 764)

(2010/84/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1415/2007 ⁽²⁾ er tekin saman skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar skráningar þeirra í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB.
- 2) Að því er varðar nokkrar tilteknar samsetningar efna og sæfiefnaflokka, sem eru tilgreind í skránni, hafa allir þátttakendur annaðhvort hætt þátttöku í endurskoðunar-áætluninni eða engin fullnaðarmálskjöl höfðu borist aðildarríkinu, sem var tilnefnt sem skýrslugjafi, áður en frestirnir, sem tilgreindir eru í 9. gr. og 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007, runnu út.
- 3) Af þessum sökum og skv. 11. gr. (2. mgr.) 12. gr. (1. mgr.) og 13. gr. (5. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 hefur framkvæmdastjórnin tilkynnt aðildarríkjunum um það. Þessar upplýsingar voru einnig birtar opinberlega með rafrænum hætti 13. janúar 2009, 11. febrúar 2009 og 11. mars 2009.
- 4) Innan þriggja mánaða frá rafrænni birtingu upplýsinganna lýstu nokkur fyrirtæki áhuga á því að taka

við hlutverki þátttakanda, að því er varðar sum viðkomandi efni og sæfiefnaflokka, í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

- 5) Því er rétt að ákveða nýjan frest til að leggja fram málskjöl fyrir þessi efni og sæfiefnaflokka í samræmi við aðra undirgrein 3. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfiefni.

SAMPÝKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Nýjum fresti til að leggja fram málskjöl fyrir efnin og sæfiefnaflokkana, sem eru tilgreind í viðaukanum, lýkur 28. febrúar 2011.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros Dimas

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 38, 11.2.2010, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2010 frá 10. desember 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 17, 31.3.2011, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

VIÐAUKI

Efni og sæfiefnaflokkar þar sem nýr frestur, 28. febrúar 2011, hefur verið settur fyrir framlagningu mállskjala

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Sæfiefna- flokkur	Skýrslugjafar- aðildarríki
Ammóníumbrómíð	235-183-8	12124-97-9	11	SE
Bórsýra	233-139-2	10043-35-3	22	NL
Klórálós	240-016-7	15879-93-3	15	PT
Klórálós	240-016-7	15879-93-3	23	PT
Kopar	231-159-6	7440-50-8	2	FR
Kopar	231-159-6	7440-50-8	4	FR
Kopar	231-159-6	7440-50-8	5	FR
N'-tert-bútýl-N-sýklóprópýl-6-(metýlpíó)- 1,3,5-tríasín-2,4-díamín	248-872-3	28159-98-0	7	NL
N'-tert-bútýl-N-sýklóprópýl-6-(metýlpíó)- 1,3,5-tríasín-2,4-díamín	248-872-3	28159-98-0	10	NL
Ólígó(2-(2-etoxy)etoxyetylígúanidínúmklóríð)	Fjölliða	374572-91-5	2	FR
Ólígó(2-(2-etoxy)etoxyetylígúanidínúmklóríð)	Fjölliða	374572-91-5	3	FR
Ólígó(2-(2-etoxy)etoxyetylígúanidínúmklóríð)	Fjölliða	374572-91-5	4	FR
Ólígó(2-(2-etoxy)etoxyetylígúanidínúmklóríð)	Fjölliða	374572-91-5	7	FR
Ólígó(2-(2-etoxy)etoxyetylígúanidínúmklóríð)	Fjölliða	374572-91-5	9	FR
Ólígó(2-(2-etoxy)etoxyetylígúanidínúmklóríð)	Fjölliða	374572-91-5	10	FR
Ólígó(2-(2-etoxy)etoxyetylígúanidínúmklóríð)	Fjölliða	374572-91-5	11	FR
Ólígó(2-(2-etoxy)etoxyetylígúanidínúmklóríð)	Fjölliða	374572-91-5	12	FR
Ólígó(2-(2-etoxy)etoxyetylígúanidínúmklóríð)	Fjölliða	374572-91-5	20	FR
Furutré, kjarni	304-455-9	94266-48-5	10	LV
Pólý(hexametylendíamíngúanidínúmklóríð)	Fjölliða	57028-96-3	2	FR
Pólý(hexametylendíamíngúanidínúmklóríð)	Fjölliða	57028-96-3	3	FR
Pólý(hexametylendíamíngúanidínúmklóríð)	Fjölliða	57028-96-3	4	FR
Pólý(hexametylendíamíngúanidínúmklóríð)	Fjölliða	57028-96-3	7	FR
Pólý(hexametylendíamíngúanidínúmklóríð)	Fjölliða	57028-96-3	9	FR
Pólý(hexametylendíamíngúanidínúmklóríð)	Fjölliða	57028-96-3	10	FR
Pólý(hexametylendíamíngúanidínúmklóríð)	Fjölliða	57028-96-3	11	FR
Pólý(hexametylendíamíngúanidínúmklóríð)	Fjölliða	57028-96-3	12	FR
Pólý(hexametylendíamíngúanidínúmklóríð)	Fjölliða	57028-96-3	20	FR
Tósýklórámíðnatríum	204-854-7	127-65-1	11	ES